

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1979****2018/EES/25/04**

frá 31. október 2017

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis að því er varðar skrápdyr sem eru tekin utan flokkaðra framleiðslusvæða (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samlokna, lifandi skrápdyra, lifandi möttuldýra og lifandi sæsnigla á markað eins og lýst er í II. viðauka við reglugerðina. Í II. kafla viðaukans eru settar fram reglur um flokkun framleiðslusvæða og vöktun slíkra svæða.
- 3) Í II. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 eru framleiðslusvæði flokkuð eftir því hve mikillar saurmengunar gætur á þeim. Örverur geta safnast fyrir í síurum, s.s. samlokum, og það gæti haft í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu. Af þeirri ástæðu eru framleiðslusvæðin flokkuð eftir því hvort tilteknar örverur sem tengjast saurmengun finnist á þeim.
- 4) Skrápdyr eru alla jafna ekki síarar og af því leiðir að áhættan á því að örverur, sem tengjast saurmengun, safnist upp í slíkum dýrum er hverfandi. Auk þess hafa ekki verið lagðar fram neinar faraldsfræðilegar upplýsingar sem sýna fram á tengsl milli reglnanna um flokkun á framleiðslusvæðum, sem mælt er fyrir um í II. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004, og áhættu fyrir lýðheilsu vegna skrápdyra sem ekki eru síarar.
- 5) Af þessum sökum ætti að undanskilja skrápdyr frá reglunum um flokkun framleiðslusvæða sem settar eru fram í II. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.
- 6) Í III. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er fastsett opinbert eftirlit varðandi diska og lifandi sæsnigla, sem eru ekki síarar, sem eru teknir utan flokkaðra framleiðslusvæða; fella ætti skrápdyr, sem eru ekki síarar, undir þennan kafla.
- 7) Því ætti að breyta III. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað III. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 komi eftirfarandi:

*„III. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT VARÐANDI DISKA, SÆSNIGLA OG SKRÁPDÝR, SEM ERU EKKI SÍARAR, SEM ERU TEKIN UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA*

Opinbert eftirlit með diskum, sæsniglum og skrápdyrum, sem eru ekki síarar, sem eru tekin utan flokkaðra framleiðslusvæða, skal fara fram á fiskupþöðstöðum, afgreiðslustöðvum og vinnslustöðvum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018, L 285, 1.11.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2004, L 139, 30.4.2004, bls. 206.

Með slíku opinberu eftirliti skal sannreyna að heilbrigðiskröfur fyrir lifandi samlokur, sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu uppfylltar sem og aðrar kröfur í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við þá reglugerð.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---